

***BORGARRÁÐ 15. apríl 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um yfirlit yfir öll framlögð mál Flokks fólksins - R21040150***

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá yfirlit yfir öll framlögð mál Flokks fólksins, fyrirspurnir og tillögur frá upphafi kjörtímabilsins, tímasetningar, hvert málum var vísað, afgreiðsluferli, og hvaða mál eru óafgreidd. Óskað er eftir að fá þetta í öðru formi en excel formi eða í það minnsta einnig á word skjali. Þess er jafnframt óskað að hafin verði vinna í að setja mál flokka minnihlutans inn á vef Reykjavíkurborgar með sama hætti og sjá má að er gert hjá Alþingi. Gagnsæi og gott aðgengi að málum kjörinna fulltrúa er liður í því lýðræði sem við búum við á Íslandi. Allir eiga að hafa aðgang að vinnu kjörinna fulltrúa í þágu borgarbúa, hvaða mál hafa verið lögð fram og hvernig þau hafa verið meðhöndluð.